

L Ö G

um breyting á lögum nr. 35 frá 1960, um lögheimili.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Svo skulu og íslenzkir ríkisborgarar, sem gegna störfum erlendis á vegum ríkisins við sendiráð og ræðismannsskrifstofur Íslands og taka laun úr ríkissjóði, og þeir íslenzkir ríkisborgarar, sem eru starfsmenn alþjóðastofnana, sem Ísland er aðili að, eiga lögheimili á Íslandi, þar sem lögheimilið var, er þeir fóru af landi brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna bætist:

Heimilt er þó að leggja aðstöðugjald á þær stofnanir, sem um ræðir í 17. gr. c-lið.

2. gr.

e-liður 15. gr. orðist svo:

Að greiða 0.5% af árlegum tekjum sjóðsins til Sambands íslenzkra sveitarfélaga vegna starfsemi sambandsins og styrkja að öðru leyti, eftir ákvörðun ráðherra, tilraunir til að koma betra skipulagi og meira samræmi í framkvæmdir sveitarfélaga og samstarf sveitarfélaga.

3. gr.

17. gr. orðist svo:

Landsútsvör greiða:

- a) Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins og Sölunefnd varnarliðseigna.
- b) Áburðarverksmiðjan og Sementsverksmiðja ríkisins.
- c) Sildarverksmiðjur ríkisins, Viðtækjaverzlun ríkisins, Landssmiðjan og Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.
- d) Oliufélög, sem flytja inn oliu, oliuvörur og annast sölu þeirra og dreifingu þeirra innanlands.

4. gr.

18. gr. orðist svo:

Fjárhæð landsútsvara skal vera sem hér segir:

- a) 5% af hagnaði ríkisfyrirtækja, samkv. 17. gr. a.
- b) 2% af heildarsölu stofnana þeirra, sem um getur í 17. gr. b.
- c) Stofnanir þær, sem um ræðir í 17. gr. c, greiða landsútsvör, sem ákveðin eru með sama hætti og tekjuútsvör félaga, sbr. 32. gr. 2. tölulið, án frávíks frá útsvarsstiga, samkv. 34. gr.
- d) $1\frac{1}{3}\%$ af heildarsölu olíufélaga, sbr. 17. gr. d.

5. gr.

20. gr. 2. mgr. orðist svo:

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess, en $\frac{3}{4}$ hlutum skal ásamt hluta þeim af söluskatti og verðtolli, sem Jöfnunar-sjóði ber, samkvæmt lögum nr. 67/1964, skipta á milli sveitarfélaganna í réttu hlutfalli við íbúatölu hvers sveitarfélags hinn 1. des. árið á undan, þó þannig, að ekkert sveitarfélag fái herra framlag en nemi 60% af samanlögðum fasteignasköttum, aðstöðugjöldum og útsvörum gjaldársins, sbr. þó 15. gr. d.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fer um álagningu landsútsvara árið 1966 samkv. þeim.

Gjört í Reykjavík, 6. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

L Ö G

um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyjarhrepps á Breiðafirði er heimilt að taka eignarnámi þá $\frac{4}{5}$ hluta lands eyjarinnar, sem eru í einkaeign.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum l. nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 7. maí 1966.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eggert G. Þorsteinsson.